

Sp. 168. Beiðni um skýrslu [155. mál]

frá forsætisráðherra um félagslega þjónustu við foreldra vegna barneigna, uppeldis og umönnunar barna.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Aðalheiði Bjarnfredsdóttur og Margrėti Frímanssdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um hvaða félagsleg þjónusta er í boði fyrir foreldra vegna barneigna, uppeldis eða umönnunar barna.

Óskað er eftir að upplýsingarnar séu sundurliðaðar eftir

1. tegund þjónustu,
2. kostnaði við hverja tegund þjónustu,
3. hlut ríkissjóðs í kostnaði,
4. hlut sveitarfélaga í kostnaði,
5. hverjir njóta hennar:
 - a. hversu margir,
 - b. eftir hjúskaparstétt,
 - c. eftir kyni,
 - d. eftir aldri,
 - e. eftir barnafjölda og aldursdreifingu barna.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 25. nóv. 1987.

Þórhildur Þorleifsdóttir.	Kristín Einarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Aðalheiður Bjarnfredsdóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Margrét Frímanssdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.